

## **Þingsköp fyrir þemaþingið 2022**

### **Réttur þingfulltrúa og fulltrúa ríkisstjórnanna til að taka til máls**

Forsætisnefndin leggur til

að þingfulltrúar og fulltrúar ríkisstjórnanna megi taka til máls undir öllum dagskrárliðum

að þingfulltrúum gefist 3 mínútna ræðutími til að kynna nefndarálit og tillögur; að öðru leyti takmarkist ræðutími í umræðunum við 2 mínútur

að forsetinn sjái til þess að talsmenn flokkahópanna fái orðið í samræmi við stærð hópanna, eftir því sem framast er kostur

að ríkisstjórnafulltrúum gefist 5 mínútna ræðutími fyrir greinargerðir eða skýringar og 3 mínútur fyrir tillögur; að öðru leyti takmarkist ræðutími í umræðunum við 2 mínútur

### **Ræðutími áheyrnarfulltrúa**

Forsætisnefndin leggur til

að fulltrúi Þingmannaráðs Sama megi taka til máls undir dagskrárliðum þar sem ekki er tekin ákvörðun; ræðutími fulltrúa Þingmannaráðs Sama verði 2 mínútur

### **Réttur gesta til að taka til máls**

Forsætisnefndin leggur til

að gestkomandi þingmenn hafi rétt til að taka til máls undir dagskrárliðnum Umræða um málefni líðandi stundar. Ræðutími gesta verði 2 mínútur

að fulltrúar Eystrasaltsríkjaþingsins og Vestnorræna ráðsins hafi rétt til að taka til máls undir dagskrárliðnum Umræða um málefni líðandi stundar. Ræðutíminn verði 2 mínútur

að fulltrúi sendiherra Úkraínu á Norðurlöndum hafi rétt til að taka til máls undir dagskrárliðnum Umræða um málefni líðandi stundar. Ræðutíminn verði 5 mínútur

að Jan-Erik Enestam megi taka til máls undir einum dagskrárlið í fyrirspurnatíma.

Ræðutíminn verði 5 mínútur

að fulltrúi Norðurlandaráðs æskunnar megi taka til máls undir dagskrárliðum þar sem ekki er tekin ákvörðun. Ræðutími fulltrúa Norðurlandaráðs æskunnar verði 2 mínútur

### **Andsvör**

Forsætisnefndin leggur til

að leyfa megi þingfulltrúum og fulltrúum ríkisstjórnanna að veita andsvör við öllum ræðum að svo miklu leyti sem fundarstjóri metur rétt vera

að fulltrúi sem óskar eftir að veita andsvar gefi merki þar um meðan á ræðunni stendur eða undir lok hennar

að sá sem andsvarinu er beint til fái tækifæri til að svara þegar í stað

að einnar mínútu ræðutími gildi um andsvör

að einnar mínútu ræðutími gildi um svör við andsvörum

að forseti geti gefið sama þingfulltrúa eða fulltrúa ríkisstjórnar allt að tvö tækifæri til andsvara í hverri umferð orðaskipta



### **Fyrirspurnatími**

Forsætisnefndin leggur til

að fulltrúar ríkisstjórna fái þrjár mínútur til að flytja upphaferindi

að þingfulltrúum, áheyrnarfulltrúum og Norðurlandaráði æskunnar verði veitt ein mínúta til að bera fram fyrirspurn

að fulltrúar ríkisstjórna fái tvær mínútur til að svara

að forseti geti gefið leyfi til að bera fram framhaldsspurningu

### **Heimild til að ljúka umræðum**

Forsætisnefndin leggur til

að allir tilkynntir dagskrárliðir fái þann umfjöllunartíma sem áætlaður hefur verið að forseta sé heimilt að ljúka umræðu þegar áætlaður tími er útrunninn

### **Sætaskipan í salnum**

Forsætisnefndin leggur til

að allir fundarmenn sem hafa rétt til að taka til máls hafi sæti í þingsal

að þingmenn Norðurlandaráðs sitji með flokkahópum sínum; sé þess kostur sitji vinstri flokkarnir vinstra megin í salnum og hægri flokkarnir hægra megin frá ræðustóli séð

### **Atkvæðagreiðsla**

Forsætisnefndin leggur til

að atkvæðagreiðsla verði helst rafræn; sé slíkur búnaður ekki fyrir hendi verði stuðst við handauppréttingu

### **Fundarskráning**

Forsætisnefndin leggur til

að færð sé ákvarðanafundargerð á þinginu, samin samantekt og varðveitt hljóðupptaka

*Forsætisnefnd vísar að öðru leyti til Starfsreglna Norðurlandaráðs.*